4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Afhending | kr. 15.800 |
| Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun | kr. 7.900 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. október 2001, bæjarstjórn Garðabæjar 15. nóvember 2001, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. nóvember 2001 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 30. október 2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 162/2000 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 5. desember 2001.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

5. desember 2001 Nr. 920

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 5.600 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 7.500 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktri áætlun.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | 1,0 tímagjald |
| og auglýsingakostnaður ef við á | |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | 1,5 tímagjald |
| og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Leyfisgjald | 1,5 tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps 16. október 2001, bæjarstjórn Garðabæjar 15. nóvember 2001, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. nóvember 2001 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 30. október 2001, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 934/2000 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 5. desember 2001.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

| Heiti atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|---|
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru. | 8.400 |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 23.800 |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 47.600 |
| Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 46.200 |
| Apótek | 23.800 |
| Athafnasvæði með fljótandi eða gaskennt eldsneyti | 21.000 |
| Áfengismeðferð - vistheimili | 4.900 |
| Áfengisverslun | 5.600 |
| Áhaldahús sveitarfélags | 19.600 |
| Baðhús | 44.800 |
| Bakarí, lítið | 43.400 |
| Bakarí | 54.600 |
| Bensínstöð án matvöru | 21.000 |
| Bensínstöð með matvöru | 49.000 |
| Bensínstöð með veitingasölu | 64.400 |
| Bensínstöð, ómönnuð | 18.200 |
| Bið- og endastöðvar strætisvagna | 5.600 |
| Biðstöðvar leigubifreiða | 5.600 |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru | 7.000 |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, með efnavöru | 23.800 |
| Bílasala með notaða bíla | 8.400 |
| Bílgrein o.fl. - verkstæði fyrirtækja | 16.800 |
| Bílgrein, verkstæði fyrir þungavinnutæki | 25.200 |
| Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði, lítið | 8.400 |
| Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði | 19.600 |
| Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði, margþætt starfsemi | 28.000 |
| Bílgrein, bifreiðaréttingar | 9.800 |
| Bílgrein, bifreiðasprautun | 22.400 |
| Bílgrein, hjólbarðaverkstæði | 7.700 |
| Bílgrein, litlar bónstöðvar og bílaleigur | 7.700 |
| Bílgrein, lítil bifreiða- eða vélaverkstæði | 12.600 |
| Bílgrein, partasala < 3 stæði | 22.400 |
| Bílgrein, partasala > 3 stæði | 28.000 |
| Bílgrein, ryðvarnarverkstæði | 28.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|---|
| Bílgrein, smurstöðvar | 19.600 |
| Bílgrein, véla- og tækjageymsla með olíubirgðum | 16.800 |
| Bílgrein, þvotta- og bónstöðvar | 13.300 |
| Bólstrun | 7.700 |
| Brauðstofur | 9.100 |
| Brennur | 11.200 |
| Byggingavöruverslanir með efnavöru | 46.200 |
| Byggingavöruverslanir, lítið af efnavöru | 29.400 |
| Dagmömmur með > 6 börn | 8.400 |
| Dansskólar | 4.900 |
| Dreifingastöð, alifuglakjöts | 61.600 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili með fullbúnu eldhúsi | 61.600 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili með móttökueldhúsi | 29.400 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, án mötuneytis | 11.900 |
| Dýralæknastofur án röntgen | 5.600 |
| Dýralæknastofur með röntgen | 8.400 |
| Dýraspítalar | 9.100 |
| Efnalaugar | 19.600 |
| Endurhæfing | 8.400 |
| Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug og eldhúsi | 102.200 |
| Endurvinnsla úrgangs | 39.200 |
| Fangageymsla | 14.000 |
| Fangelsi | 25.200 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, hálfsársnotkun | 3.500 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 5.600 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 36.400 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 23.800 |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 18.200 |
| Fiskbúðir án vinnslu | 19.600 |
| Fiskbúðir með vinnslu | 23.800 |
| Fiskeldi | 12.600 |
| Fiskmjölsvinnsla | 53.200 |
| Fiskverkun á ferskum fiski | 44.800 |
| Fiskverkun á ferskum fiski, lítil | 19.600 |
| Fiskverkun, harðfiskverkun | 18.200 |
| Fiskverkun, heitloftsþurrkun fiskafurða | 30.800 |
| Fiskverkun, ótalin | 14.000 |
| Fiskverkun, saltfiskverkun | 15.400 |
| Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 28.000 |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 7.000 |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 18.200 |
| Fótaaðgerðarstofur | 16.800 |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 21.000 |
| Framl. á plötum og rörum úr plasti | 19.600 |
| Framleiðsla á baunaspírum | 22.200 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 9.800 |
| Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 36.400 |
| Framleiðsla á glerplötum | 7.700 |
| Framleiðsla á iðnaðargasi | 33.600 |
| Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 29.400 |
| Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h. | 21.000 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 29.400 |

| Heiti atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|---|
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 51.800 |
| Framleiðsla á umbúðaplasti | 16.800 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 14.000 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 35.000 |
| Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 7.700 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja | 42.000 |
| Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 51.800 |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 7.700 |
| Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu | 26.600 |
| Framleiðsla mjólkurdufts | 42.000 |
| Framleiðsla tilbúinna rétta | 46.200 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 9.800 |
| Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 9.100 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - með móttökueldhúsi | 39.200 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu | 44.800 |
| Fræðslustarfsemi ótalin | 9.100 |
| Fræðslustarfsemi, á framhaldsskólastigi án mötuneytis | 14.700 |
| Fræðslustarfsemi, tónlistarskólar | 9.100 |
| Fræðslustarfsemi, ökuskólar, flugskólar o.fl. | 9.100 |
| Fræðslustarfsemi, á framhaldsskólastigi - með fullbúnu eldhúsi | 44.800 |
| Fyrirtæki sem geyma klórgas | 9.100 |
| Gasbirgðastöðvar | 9.800 |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 21.000 |
| Gámastöð | 11.200 |
| Gistiheimili án veitingasölu | 11.200 |
| Gisting - heimagisting | 3.850 |
| Gisting með veitingasölu | 68.600 |
| Gisting með veitingasölu, lítil | 44.800 |
| Gisting, bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 4.550 |
| Gisting, bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 11.900 |
| Gisting, starfsmannabúðir | 11.900 |
| Gisting, starfsmannabústaður | 19.600 |
| Gisting, tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 4.900 |
| Gleriðnaður, framleiðsla gleríláta | 7.700 |
| Gleriðnaður, skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 7.700 |
| Grunnskólar án mötuneytis | 14.700 |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 54.600 |
| Grunnskólar með móttökueldhúsi | 43.400 |
| Gúmmívinnsla | 8.400 |
| Gæludýraverslun | 7.000 |
| Gæsluvellir | 14.280 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 10.500 |
| Hárgreiðslustofur | 9.100 |
| Heildverslun með hreingerningarefni | 40.600 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti | 22.400 |
| Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 23.800 |
| Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni, lítil | 7.700 |
| Heildverslun með flugelda | 18.200 |

| Heiti atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|---|
| Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru | 26.600 |
| Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru, lítil | 18.200 |
| Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 25.200 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak | 22.400 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 14.000 |
| Heildverslun, varasöm efni | 23.800 |
| Heildverslun, varasöm efni (minni háttar) | 9.100 |
| Heilsugæslustöðvar | 9.100 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 5.250 |
| Hestahald, hesthúsahverfi | 23.800 |
| Hreinlætisvöruverksmiðjur | 43.400 |
| Hundahótel | 3.150 |
| Húðflúr-stofur | 16.800 |
| Húðgötun | 16.800 |
| Húsdýragarðar | 11.200 |
| Húsgagnaiðnaður með lökkun | 21.000 |
| Ísgerð | 106.400 |
| Íþróttahús, lítil | 18.200 |
| Íþróttahús, stór | 29.400 |
| Íþróttavellir | 18.200 |
| Járnvöruverslanir og minni háttar sala á efnavöru | 9.100 |
| Kaldhreinsun lýsis | 22.400 |
| Kanínurækt | 22.400 |
| Kappaksturs- og æfingabrautir | 16.800 |
| Kartöfluvinnsla - pökkun | 14.000 |
| Kattahótel | 3.150 |
| Kexverksmiðjur | 68.600 |
| Kirkjur | 3.850 |
| Kírópraktor | 7.700 |
| Kjötvinnsla með reykingu | 95.200 |
| Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 78.400 |
| Kjötvinnsla, | 67.200 |
| Kjötvinnsla, alifuglakjöts | 84.000 |
| Krár, kaffihús án matsölu | 30.800 |
| Krár, kaffihús með matsölu | 46.200 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla | 32.200 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 21.700 |
| Kvikmyndahús | 11.900 |
| Kæli- og frystigeymslur | 9.100 |
| Kökugerð, | 28.000 |
| Kökugerð, lítil | 23.800 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 28.000 |
| Lauksteikingarverksmiðjur | 22.400 |
| Leðurvinnsla | 10.500 |
| Leikhús | 15.400 |
| Leikskólar án mötuneytis | 30.800 |
| Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 67.200 |
| Leikskólar með móttökueldhúsi | 57.400 |
| Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 7.700 |
| Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 21.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar | 14.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 35.000 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 15.400 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 40.600 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 18.200 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 49.000 |
| Líkbrennslur | 3.850 |
| Ljósmyndastofur með framköllun | 14.000 |
| Loðdýrabú | 22.400 |
| Lyfjagerð | 14.700 |
| Læknahús með aðgerðarstofum | 9.800 |
| Læknastofur | 8.400 |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 21.000 |
| Markaðir | 25.200 |
| Matsölustaðir | 77.000 |
| Matsölustaðir, litlir | 54.600 |
| Matsölustaðir, stórir | 88.200 |
| Matsöluvagnar | 23.800 |
| Matvöruverslun án vinnslu, | 50.400 |
| Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 50.400 |
| Matvöruverslun með vinnslu | 88.200 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 72.800 |
| Málmiðnaður - blikksmíði | 7.700 |
| Málmiðnaður, járn-, ál- og stálsmiðjur | 18.200 |
| Málmiðnaður, kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 26.600 |
| Málmiðnaður, málmsteypa < 20 tonn á dag | 11.900 |
| Málmiðnaður, meðferð og húðun málma | 22.400 |
| Málmiðnaður, sandblástur | 22.400 |
| Málmiðnaður, slippur og tengdur rekstur | 35.000 |
| Málningar- og veggfóðurverslun | 29.400 |
| Málningarverksmiðjur | 71.400 |
| Málningarvinna, vegamálun | 8.400 |
| Málningavöruverslanir | 29.400 |
| Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag | 22.400 |
| Mjólkurbú | 106.400 |
| Mjólkurbú og ostagerð | 166.600 |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 42.000 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 16.800 |
| Móttaka brotamálms | 52.150 |
| Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 22.400 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi | 37.800 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 28.000 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi | 30.800 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 18.200 |
| Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 21.000 |
| Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 16.800 |
| Niðurrif bifreiða | 42.000 |
| Nuddstofur | 8.400 |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 14.000 |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu | 28.000 |
| Ostagerð | 92.400 |
| Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 9.100 |
| Plastiðnaður | 19.600 |
| Prentiðnaður | 16.800 |
| Prentiðnaður, lítill | 15.400 |

| Heiti atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|---|
| Prentiðnaður, með framköllun | 18.200 |
| Prentiðnaður, stór | 21.000 |
| Prentsmíð | 9.100 |
| Pökkun á sápuefnum o.þ.h. | 18.200 |
| Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði | 9.100 |
| Rafvélaverkstæði | 9.100 |
| Rannsóknarstofur í læknisfræði | 4.200 |
| Röntgenstofur | 8.400 |
| Sala á tilbúnum mat | 50.400 |
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 37.800 |
| Sala eiturefna og hættulegra efna | 18.200 |
| Salatgerð | 40.600 |
| Saltvinnsla | 21.000 |
| Samkomusalir án eldhúss | 8.400 |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 28.000 |
| Samkomusalir með móttökueldhúsi | 18.200 |
| Sjúkrahús, deildarskipt án mötuneytis | 14.700 |
| Sjúkrahús, deildarskipt með fullbúnu eldhúsi | 78.400 |
| Sjúkrahús, deildarskipt með móttökueldhúsi | 33.600 |
| Sjúkraþjálfun | 8.400 |
| Skíðaskáli, skíðasvæði, vélageymsla og viðgerðaraðstaða | 23.800 |
| Skotvellir | 14.000 |
| Skólphreinsistöð > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe | 23.800 |
| Skólphreinsistöðvar, aðrar | 18.200 |
| Skyndibitastaðir | 58.800 |
| Skyndibitastaðir, litlir | 47.600 |
| Sláturhús | 67.200 |
| Sláturhús alifugla | 67.200 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 23.800 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 37.800 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 43.400 |
| Smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum, ótalin | 25.200 |
| Smásala efna í flokkum X, A og B | 18.200 |
| Smásala með notaða muni í verslunum | 14.700 |
| Smjörlíkisgerð | 29.400 |
| Snyrtistofur | 9.100 |
| Snyrtivöruframleiðsla | 40.600 |
| Snyrtivörusala | 14.000 |
| Snyrtivöruverslun | 23.800 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 11.900 |
| Sólbaðstofur | 15.400 |
| Sólbaðstofur með heitum pottum | 43.400 |
| Spennaviðgerðir | 10.500 |

| Heiti atvinnugreinar | Gjald kr. |
|---|---|
| Spennistöðvar | 9.100 |
| Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 16.800 |
| Steinsmíði | 7.700 |
| Stórmarkaðir > 400 m$^2$, án matvælavinnslu | 85.400 |
| Stórmarkaðir > 400 m$^2$, með matvælavinnslu | 112.000 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 32.200 |
| Sumarbúðir | 22.400 |
| Sundstaðir | 133.000 |
| Sundstaðir, litlir | 72.800 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 35.000 |
| Svínarækt | 47.600 |
| Söluturnar án óvarinna matvæla | 29.400 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, | 51.800 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 38.500 |
| Tannlæknastofur | 11.200 |
| Tannsmíðar | 9.100 |
| Te- og kaffiframleiðsla | 11.900 |
| Trésmiðja - verkstæði | 8.400 |
| Trésmiðja án lökkunar | 9.100 |
| Trésmiðja með lökkun | 21.000 |
| Trésmiðja, þrýstifúavörn á viði | 21.000 |
| Ullarþvottastöðvar | 21.000 |
| Varaaflstöðvar með olíubirgðum | 9.100 |
| Varaaflstöðvar með olíubirgðum < 1600 l | 4.550 |
| Varahlutaverslanir, ekki bíla | 9.100 |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 18.760 |
| Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 126.560 |
| Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa | 239.120 |
| Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa | 267.120 |
| Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 10.500 |
| Verslunarmiðstöðvar | 16.800 |
| Véla- og tækjageymsla án olíubirgða | 7.700 |
| Véla- og tækjasölur | 9.100 |
| Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 18.200 |
| Viðgerðaraðstaða | 8.400 |
| Viðhald, niðurrif skipa | 63.000 |
| Vinnsla á ferskum fiski | 33.600 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 7.700 |
| Vinnsla með trefjaplast | 22.400 |
| Vistheimili | 9.100 |
| Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur | 18.200 |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 22.400 |
| Vörugeymslur | 19.600 |
| Vörugeymslur, litlar | 8.400 |
| Yoga-stofur, heilun o.fl. | 7.700 |
| Þakpappaverksmiðjur | 9.100 |
| Þvottahús | 8.400 |